

hann hefur verðskuldað, hæfilega metin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber honum og að borga allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svara-
manns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. handa
hvorum.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Guðmundur Þorsteinsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga og borga allan kostnað af sök þessari, þar á meðal í málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málafærslumannanna Jóhannesar Ólafssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 26/1884

Hið opinbera
gegn

Jóni Ebenezerssyni.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins kærða og öðrum skýrslum er það löglega sannað, að hinn kærði, Jón Ebenezersson á Ísafirði, sem var formaður í Bolungarvík veturinn 1883—84, hafi 3. janúar síðast liðinn farið í hákarlalegu á sexæringi og aflað 9¹/₂ tunnu af hákarlalifur á miði, sem heitir í „Ljósauga“ eða „Djúpi Skjambur“, og liggur 3—4 mílur til hafs norður af Deildarhorni yzt á Stigahlíð, en hafi skor-

íð hákarlinn niður og sleppt honum í sjóinn. Útaf þessu var höfðað opinbert mál gegn hinum kærða fyrir brot á móti samþykkt fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarþingum um hákarlaveiðar á opnum skipum, staðfestri af amtmanninum yfir vesturamtinu 16. ágúst 1879, sem í 1. gr. bannar að skera niður eða sleppa í sjóinn nokkru af hákarli á nokkru fiski eða hákarlamiði í Ísafjarðarsýslu á tímabilinu frá 1. október til 15. febrúar, en með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Ísafjarðarsýslu 14. febr. þ. á., er hinn kærði dæmdur sýkn af kærnum hins opinbera í málinu, og ákveðið, að málskostnaður skuli greiðast úr opinberum sjóði.

Lögregludómarinn hefur byggt sýknu hins kærða á því, að staður sá, þar sem hákarlinn var skorinn niður, verði að álítast að hafa verið fyrir utan takmörk Ísafjarðarsýslu, en áður nefnd samþykkt nái aðeins til niðurskurðar á hákarli á fiski- og hákarlamidum innan takmarka sýslunnar. Þessa skoðun lögregludómarans getur yfirdómurinn ekki aðhyllt, en verður að líta svo á, að orðin „fiski- eða hákarlamið í Ísafjarðarsýslu“ nái til allra þeirra fiski- og hákarlamíða, sem sýslubúar sækja á, að minnsta kosti þegar þau ekki eru lengra frá landi en svo, að mið verði tekin á landi í Ísafjarðarsýslu. Yfirdómurinn fær þannig ekki betur sjeð, en að hinn kærði hafi brotið gegn opt nefndri hákarlaveiðasamþykkt með því að sleppa mörgum hákörpum við áður umgetið tækifæri í sjóinn á hákarlamiði, sem Ísfirðingar sækja á, og ber því, samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar að dæma hann í sekt, sem virðist hæfilega metin 40 kr., og rennur helmingurinn til hlut-

aðeigandi gæzlunefndar, en helmingurinn í hlutaðeigandi sveitarsjóð; svo ber honum og að greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal laun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins fyrir undirrettinum og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Jón Ebenezerðson, á að greiða í sekt 40 kr., er renni að helmingi til hlutaðeigandi gæzlunefndar og að helmingi í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Svo ber honum og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóhannesar Ólafssonar, 10 kr. til hvors þeirra um sig.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 25/1884

Th. Guðmundsson
gegn
Magnúsi Ólafssyni

Ú r s k u r ð u r :

Með því yfirdóminum ekki virðist, að þeir gallar sjeu á sáttatílauninni í þessu máli, að því fyrir þá sök verði vísað frá dómi, ber að veita áfrýjandanum